

4 Hvernig byggjum við réttlátt þjóðfélag?

Heilbrigð og réttlát stjórn málmunu aldrei dafna hér á landi nema fram fari rækileg endurskoðun á fyrri stjórnarsíðum, segir Páll Skúlason heimspekingur.

8 „...allra inndælasta verkfall“

Það er engin goðgá að halda því fram að Halldór Laxness hafi staðið fremstur í þeirri fylkingu rithöfunda sem lögðu málstað verkalýðsins lið.

10 Hver er refsingin fyrir að ræna þjóð?


Rætt við tvo verkalýðsforingja um atvinnumál, aukið mikilvægi stéttarféлага á krepputímum og uppbyggingu heilbrigðs samfélags.



1. tölublað • 59 árgangur • Vor 2010

# VINNAN

Tímarit Alþýðusambands Íslands



# Hefurðu fast land undir fótum þegar á reynir?



## Sjúkrasjóður VR veitir öryggi í veikindum

Félagsmenn VR eru ekki einir á báti í langvarandi veikindum. Sjúkrasjóður VR er þér stoð og stytta á erfiðum tímum.

Kynntu þér réttindi þín á [www.vr.is](http://www.vr.is)

# Við viljum vinna



Ég vil byrja á að óska launafólki um allt land til hamingju með daginn. 1. maí er baráttu-dagur launafólks og verkalýðshreyfingarinnar allrar. Á slíkum degi er hollt að rifja upp þá baráttu sem foreldrar okkar, afar og ömmur, háðu fyrir bættum kjörum og auknum réttindum. Við sem erum á vinnumarkaði nú njótum ávaxta af baráttu þeirra dag hvern, ekki síst við núverandi aðstæður þegar stórir hópar launafólks búa við atvinnuleysi og tekjusamdrátt. Það er forvitnilegt að skoða hvað skrifað var á kröfuspjöldin í fyrstu 1. maí göngunni sem farin var í Reykjavík árið 1923.

## **Atvinnubætur gegn atvinnuleysi!**

### **Enga skatta á þurftarlaun!**

### **Réttláta kjördæmaskipan!**

### **Engar kjallarakompur - holla mannabústaði!**

### **Enga helgidaga vinnu!**

### **Rannsókn á Íslandsbanka!**

Þótt tæplega 90 ár séu liðin síðan verka-fólk gekk undir gunnfánum sínum með þessi skilaboð hljómar ýmislegt kunnuglega. Annað sýnir þann mikla árangur sem náðst hefur með þrotlausri baráttu.

Krafan um rannsókn á Íslandsbanka sýnir að fátt er nýtt undir sólinni. Nýútkomin

rannsóknarskýrsla Alþingis vitnar á átakanlegan hátt um það hvernig bankaræningjar í sparifötum fóru með þær mikilvægu stofnanir í samfélaginu sem bankarnir eru. Þeir skildu eftir sig sviðna jörð og tugþúsundir heimila í sárum. Það er krafa fólksins í landinu að þessir menn verði sóttir til saka fyrir þau spjöll sem þeir hafa unnið landi og þjóð og að þeir skili ránsfengnum. Íslensk þjóð mun aldrei sætta sig við að þessi hópur fjárglæframanna fái lifað í vellystingum í útlöndum meðan alþýða landsins borgar reikninginn.

Rannsóknarskýrslan varpar einnig ljósi á annan afar alvarlegan hlut en það er getuleysi íslenskra stjórnámálmanna og dugleysi stjórnáslunnar. Það er átakanlegur lestur. Í aðdraganda bankahrunsins, þegar viðvörunarþjöllur glumdu allt um kring og aðvörunarorð og boð um aðstoð komu erlendis frá, sváfu íslenskir ráðherrar á verðinum og stjórnáslan var sem lömuð. Þar brást fólk með á að hafa heill lands og þjóðar að leiðarljósi. Fólk með á að standa vörð um hagsmuni almennings. Þessi hópur bitur svo höfuðið af skömminni með því að segjast ekki bera ábyrgð á því hvernig fór. Það er krafa verkalýðshreyfingarinnar að stjórnálmenn og stjórnámaflokkarnir sýni að þeir hafi lært af mistökunum því þjóðin stendur frammi fyrir alvarlegri vá sem verður að bregðast við. 15 þúsund Íslendingar eru atvinnulausir. Það má ekki gerast að atvinnuleysi skjóti hér rótum. Það er samfélaglegt mein sem við verðum að koma í veg fyrir með öllum ráðum. Atvinnuleysi hefur ekki bara áhrif á þann sem misst hefur vinnuna og fjölskyldu hans heldur á samfélagið allt. Undanfarið ár hefur ASÍ lagt mikla áherslu á það við stjórnvöld að farið verði í mannaflsrekar framkvæmdir til að mæta miklum samdrætti í byggingariðnaði og mannvirkjagerð, því þar

er atvinnuleysið mest. Slíkar framkvæmdir myndu einnig hleypa auknu lífi í fjölmargar greinar atvinnulífsins sem þjónusta byggingariðnað og mannvirkjagerð með beinum og óbeinum hætti. Verkalýðshreyfingin hefur bent á fjölmörg verkefni sem ráðast má í á næstu mánuðum, t.d. viðhaldsverkefni á opinberum byggingum, vegaframkvæmdir, samgöngu-miðstöð og byggingu hjúkrunarheimila. Lífeyrissjóðirnir okkar hafa og verði tilbúnir að fjármagna þessar framkvæmdir með langtíma lánum. Margt af þessu eru verkefni sem hefja má vinnu við þegar í stað. Þau munu efla virkni í atvinnulífinu og samhliða skapa ný tækifæri og forsendur til nýsköpunar og fjölbreytts samfélags. Því miður hefur alltof lítið af þessu gerst og það sem er í gangi gerist of hægt.

Það er með öllu ósættanlegt að Alþingi skyldi sitja fast í hártogunum um lcesave í tæpt ár og á meðan töpuðu þúsundir lífsviðurværi sínu. Það er ekkert sem heitir, nú verða menn að bretta upp emmar, læra af þeim mistökum sem rannsóknarskýrslan opinberar og taka nú þegar þær ákvarðanir sem þarf til þess að skapa atvinnu og auð í þessu landi. Auð sem við krefjumst að skipt verði á grundvelli hugsjóna launafólks um jöfnuð og réttlæti. Auð sem varinn verður gegn þeim bíræfna ræningjum sem stálu frá þjóðinni í skjóli mannfjandsamlegrar hugmyndafræði og kenninga um afskiptaleysi stofnana samfélagsins.

Stjórnálmenn og íslensk þjóð mega ekki fljóta sofandi að feigðarósi meðan atvinnuleysisvofan reynir að búa sér framtíðarstað á Íslandi. Verkalýðshreyfingin mun beita öllu afli sínu til að koma í veg fyrir að svo verði. Við viljum vinna!





Páll Skúlason heimspekingur

# Hvernig byggjum við réttlátt þjóðfélag?



Páll Skúlason heimspekingur og fyrrverandi háskólarektor flutti erindi á síðasta ársfundi ASÍ. Páll var þar beðinn um að leggja út af yfirskrift fundarins sem var Byggjum réttlátt þjóðfélag. Er skemmst frá því að segja að erindi Páls vakti mikla athygli enda velti hann upp grundvallarspurningum sem hann svo leitaðist við að svara. Til að fleiri fái að njóta mannþætandi þælinga Páls lagði Vinnan nokkrar spurningar fyrir heimspekinginn. **Margir tala um að það hafi orðið einhverskonar siðferðisbrestur í samfélaginu**

**á síðustu árum þar sem taumleysi í lífsstíl og metorðagirnd tóku völdin. Þetta gæti allt eins verið lýsing á hnignun Rómarveldis til forna. Hvar fórum við út af sporinu? Eða var það kannski alls ekki íslensk þjóð sem fór út af sporinu heldur fámennur hópur manna?** „Áður en ég reyni að svara þessari stóru spurningu, vil ég biðja fólk að íhuga hvað siðferði er. Siðferði byggist á viðleitni til að gera það sem rétt er, leita þess sem gefur lífinu gildi og til að berjast gegn kúgun og ófrelsi. Þess vegna er siðferðið undir

okkur sjálfum komið, gildismati okkar og samskiptum. Í öllu mannlegu samneyti skiptir réttlætið mestu. Í nánu sambandi er það ástin og svo á hvert okkar í samskiptum við sjálf sig og þá skiptir sjálfræðið mestu, það að vera ekki á valdi óvitrænna afla sem leiða okkur í gönur.

Við Íslendingar höfum aldrei lagt okkur nægilega eftir að þroska siðferði okkar í þessum skilningi. Auk þess hefur þeim boðskap verið haldið fast að þjóðinni síðustu áratugi að það sé öllum eiginlegt að hugsa

fyrst og fremst um sjálfa sig og sérhagsmuni sína. Þess vegna höfum við göslast áfram og skaðað bæði land og þjóð með ýmsum vanhugsuðum ákvörðunum og aðgerðum. Þetta hefur spilt stjórnámálum okkar og efnahagsmálum. Svo tók taumleysið völdin með alkunnum afleiðingum. Fámennur hópur manna réð vissulega för, en þjóðin lét sannarlega glepjust.“

#### **Er einhver sérstök skýring á því að við lendum verr í þessu en nágrannaþjóðir okkar?**

„Við Íslendingar höfum ekki sinnt sameiginlegum veruleika okkar sem skyldi. Þess vegna eru stjórnámál okkar og raunar mörg skipulagsmál í ólestri. Við vorum undir erlendu valdi um aldir og höfum eins og margar nýlenduþjóðir fyrirfram neikvæða afstöðu til ríkisins. Við viljum vera laus undan öllum boðum og bönnum og haga okkur eins og okkur sjálfum sýnist. Þetta verður til þess að við vanrækjum að hugsa og ræða af skynsemi um almannaheill. Þegar þeir sem halda um stjórnartaumana hafa þessa afstöðu, þá verður ríkið fyrst og fremst valdataeki til að hygla sérhagsmunum.“

#### **Reiðin á að vera hvati til að berjast fyrir réttlæti**

**Það líður varla sá dagur að ekki berist fréttir af vafasömum viðskiptum og jafnvel umbúðalausum svikum fjármálamanna misserin fyrir hrun. Hjá almenningi liggur enn mikil reiði í loftinu. Hvað þarf þjóðin að gera til að rísa upp og halda áfram?**

„Vafasöm viðskipti og svik áttu sér stað í skjóli ófullkominna laga og lítils eða lélegs eftirlits ríkisvaldsins. Reiði þjóðarinnar beinist því í senn að fjármálamönnum sem fóru offari og stjórnvöldum sem gerðu ekki það sem þurfti til að hindra að þeir sköðuðu þjóðina með framferði sínu. Reiði er í sjálfu sér heilbrigð viðbrögð við ranglæti og hún á að vera hvati til að berjast fyrir réttlæti og breyta því þjóðskipulagi sem lét ranglætið viðgangast,“ segir Páll.

„Við þær aðstæður sem nú hafa skapast kemst þjóðin ekki hjá því að hugsa stjórnskipun ríkisins að nýju og styrkja þær stofnanir sem eru nauðsynlegar til að halda uppi nútímasamfélagi, því þær standa allar höllum fæti. Þjóðin hefur alla andlega burði til að skapa hér manneskjulegt samfélag, en það getur hún ekki fyrr en hún gefur siðferðilegum gildum forgang og lætur ekki stjórnast af efnahagslegum gæðum eingöngu. Heilbrigð eða réttlát stjórnámál

munu aldrei dafna á landinu nema við tökum til rækilegrar endurskoðunar það stjórnarfar og þá stjórnsíði sem hér hafa tíðkast. Hér verður heldur aldrei heilbriggt eða réttlátt efnahagslíf nema það sé sátt um það í samfélaginu hvernig við öflum okkur tekna og hvernig hinum efnahagslegu gæðum er skipt meðal landsmanna.“

#### **Aðeins ein leið til að leggja grunn að góðu mannlífi**

**Hvernig byggjum við upp heilbriggt og réttlátt samfélag?**

„Við verðum að viðurkenna í fúlustu alvöru að samfélagið er samandlegur og sammannlegur veruleiki sem við eigum öll þátt í að móta með hegðun okkar og hugsunum. Heimilið er smæsta samfélagseiningin og þar hefur líðan eins áhrif á líðan allra hinna. Sama gildir um samfélag þjóðarinnar og líka samfélag þjóða heimsins. Líðan eins hóps hefur áhrif á alla hina. Við fundum öll til þegar hörmungarnar dundu yfir Haiti á dögnum. Í góðu samfélagi líður öllum vel vegna þess að þar er enginn útskúfaður eða lagður í einelti, heldur leitast fólk við að styðja hvert annað og hjálpast að þegar á bjátar.

Það verða árekstrar og erfiðleikar í öllum samfélögum og samskiptum manna vegna þess að við erum flóknar hugsandi verur með alls kyns þarfir, hvatir og langanir sem við þurfum sífellt að takast á við bæði hjá sjálfum okkur og öðrum. Þess vegna er það bókstaflega endalaust verkefni að leitast við að byggja upp heilbriggt og réttlátt samfélag. Ef við snum því ekki stöðugt og af kostgæfni þá getum við verið viss um að samfélagið verður óheilbriggt og ranglátt. Og ef við höldum að við séum þegar búin að skapa heilbriggt og réttlátt samfélag, þá erum við að blekkja sjálf okkur vegna þess að fullkomið heilbrigði og fullkomið réttlæti eru ekki af þessum heimi.

Ef þetta er rétt, þá er aðeins ein leið til að leggja grunninn að góðu mannlífi. Hún er sú að leggja sem mesta og besta rækt við uppeldi og menntun. Ófarir okkar að undanförunni stafa af því að við höfum vanrækt uppeldi og menntun bæði okkar sjálfra og barna okkar. Hegðun okkar Íslendinga og einkum þeirra sem ráðið hafa för hefur einkennst af brengluðu gildismati og skertu veruleikaskyni. Áfallið sem við höfum orðið fyrir á að vekja okkur til vitundar um það sem mestu skiptir í tilverunni: Þroski okkar sjálfra, barna okkar og komandi kynslóða,“ segir Páll Skúlason að lokum.

## Vissir þú...

...að ASÍ hefur hafið vinnu við heildarendurskoðun á stefnu ASÍ í málefnum lífeyrissjóðanna. Fulltrúar frá öllum 53 aðildarfélögum samtakanna tóku þátt í stefnu-mótunarfundi í ársbyrjun.

...að ASÍ krefst þess að rekstur fyrirtækja sé reistur á ábyrgð og siðferði. Mikilvægt er að settar verði skýrar reglur um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda þeirra.

...að ASÍ krefst almennra og gegnsærra reglna um fjárfestingar útlendinga sem Íslendinga. Ekkert pukur í bakherbergjum eða afslátt af skyldum og réttindum.

...að ASÍ krefst aukins stuðnings við sprotafyrirtæki og aukins fjár til rannsókna og þróunar.

...að ASÍ krefst þess að verkefnum sé forgangsraðað með aukna atvinnu og hag heimilanna ætíð í fyrsta sæti.

...að ASÍ lagði fram ítarlegar tillögur varðandi greiðsluáðlögun þar sem réttur fólksins væri í fyrirrúmi - ekki réttur rúkkaranna.

...að ASÍ hefur bent á fjölmarga kosti sem geta skotið fleiri stoðum undir atvinnulífið til lengri tíma litið. Iðnaður og þjónustugreinar s.s. gagnaver, sólar kísil-, koltrefja- og pappírsværksmiðjur. Skipasmíðar, einkarekin sjúkrahús og heilsutengda ferðaþjónusta fyrir útlendinga.





Alda Jónsdóttir frá Félagi leiðsögumanna

# Við hjálpum til við að gera Íslandsferð að ógleymanlegu ævintýri



Rúmlega 100 þúsund einstaklingar eiga aðild að Alþýðusambandi Íslands í gegnum sitt stéttarfélag. Félagin innan ASÍ eru nú 53 talsins og þau eru af ýmsum stærðum og gerðum. Stærst er VR með 28 þúsund félagi og Efling er með tæplega 20 þúsund. Félag leiðsögumanna er eitt af smærri stéttarfélagunum sem eiga aðild að ASÍ en í því eru nú um 540 manns. Vinnan hitti Öldu Jónsdóttur sem hefur starfað fyrir Félag leiðsögumanna á undanfarin ár til að forvitnast um félagið og starf leiðsögumanna.

„Félag leiðsögumanna hefur verið í ASÍ frá árinu 1976 en félagið var stofnað 1972,“ segir Alda og bætir við. „Stofnfélagarnir sem voru 27 talsins höfðu starfað við leiðsögu erlendra og íslenskra ferðamanna. Í dag eru u.þ.b. 540 leiðsögumenn skráðir í félagið. Helsti ávinningur að aðildinni að ASÍ

er sú félagslega þjónusta sem í boði er fyrir aðildarfélag. Lögfræðileg álit, aðstoð við kjarasamninga og annað slíkt. Svo eigum við fulltrúa í nefndum og ráðum innan samtakanna og ekki síst er mikilvægt fyrir félagið að vera hluti af fjölmennri og sterkri hreyfingu launamanna sem ASÍ er.“

### **Aðeins hluti félagsmanna hefur leiðsögn að aðalstarfi, þó svo að það hafi breyst á síðustu árum – hvernig hefur það áhrif á kjarabaráttu félagsins?**

„Kjarabaráttan verður augljóslegar máttlausari þegar stór hluti félagsmanna hefur annað aðalstarf en leiðsögn, sem er hjá mörgum góð viðbót við vinnuflóruna. Starf leiðsögumanna er mjög skemmtilegt og gefandi og oft finnst okkur leiðsögumönnum eins og það eigi að vera hluti af launum okkar því við teljum að starfið sé verulega

vanmetið til launa,“ segir Alda.

„Því miður er starf okkar ekki lögverndað og hingað til lands – sérstakleg á háannatíma – kemur töluvert af erlendum leiðsögumönnum. Ferðaþjónustan ber sig illa, segir að það vanti íslenska leiðsögumenn til að fullnægja eftirspurninni, en mjög fáir ef einhverjir leiðsögumenn eru fastráðnir hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Það verður til þess að þau fáu okkar sem vinna við leiðsögn allt árið sem aðalstarf gefumst upp á harkinu eftir nokkur ár og finnum okkur aðra vinnu. Sumir reyna að auka tekjurnar með því að vera „driver guide“ sem oft getur verið mjög ljýjandi og unnið við erfiðar aðstæður.“

### **Ótrúleg fávíska**

#### **Hvaða menntun þarf til að verða leiðsögumaður?**

„Það eru starfandi leiðsöguskólar hér á landi

sem fylgja stöðlum Evrópusambandsins. Þetta er eins vetrar nám mjög fjölbreytt og krefjandi. Mjög margar ferðaskrifstofur héraendis hafa þann metnað að ráða eingöngu faglærða leiðsögumenn, enda þykja íslenskir leiðsögumenn með þeim faglegustu í heimi.“

#### **Hvað með erlenda leiðsögumenn – geta þeir veitt leiðsögn um Ísland?**

„Hvort þeir geti það, er spurning? En þeir gera það, þar sem starfið okkar er ekki lögverndað. Það er ekki óalgennt að erlendir leiðsögumenn sem hafa takmarkaða þekkingu á landi og þjóð fari um landið með hópa og í stað þess að fá greiðslu fyrir vinnuna sína í peningum, fá þeir frítt fæði og upphald, og ferð til Íslands.“

Rútubílstjórar hafa sagt manni sögur af ótrúlegri fávísku erlendra leiðsögumanna og þeim sviður oft öll vitleysan og staðhátarvillurnar sem sagðar eru. Þó heyrir maður líka af erlendum leiðsögumönnum sem standa sig ótrúlega vel. Eitt af vandamálum erlendu leiðsögumanna er að kunna ekki að segja þjóðsögur og aðrar sögur í rigningartúrum, því auðvelt er að ferðast um landið í fallegu veðri,“ segir Alda.

#### **Starf leiðsögumannsins, getur þú lýst því í nokkrum orðum?**

„Starfið er þjónustustarf sem krefst fyrst og fremst færni í mannlegum samskiptum. Það er ekki nóg að vita fullt af hlutum, heldur þarf að koma því frá sér á skemmtilegan, fræðandi og frambærilegan máta. Ég hugsa um hverja ferð með þakklæti þar sem ég fæ tækifæri til að gera ferðina til Íslands að ógleymanlegu ævintýri fyrir hóp fólks sem fer heim og segir öðrum frá.“

Hóparnir hafa mismunandi væntingar og það gefur starfinu fjölbreytileika. Ég fer yfirleitt með Norðmenn í styttri ferðir. Þó svo að ég fari sömu ferðina oft þá eru alltaf mismunandi væntingar og atriði sem vekja áhuga hjá ferðamanninum.“

#### **Meiri krafa um þægindi**

##### **Ferðapjónusta á Íslandi hefur breyst á síðustu árum. Hvernig horfir sú breyting við þér?**

„Já, ferðapjónustan hefur mikið breyst. Fleiri koma til landsins á eigin vegum og ferðast um á bílaleigubílum eða eigin bílum. Rútuferðirnar eru styttri og farið er hraðar yfir. Skipulögðum hálendisferðum hefur fækkað og það er miklu meiri krafa um fullkomin þægindi á hótelum. Ekki má gleyma öllum skemmtiferðaskipunum, en þeim hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Það er

hópur leiðsögumanna sem starfar eingöngu við að sinna skemmtiferðaskipum, en það er alltaf boðið upp á dagsferðir frá þeim stöðum þar sem skipin leggjast við bryggju t.d. Reykjavík og Akureyri.“

#### **Hefur Félag leiðsögumanna tekið þátt í þeirri auknu umræðu um umhverfisvernd sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu?**

„Félag leiðsögumanna fær til umsagnar allar ályktanir og lagafrumvörp frá Alþingi er varða ferðapjónustuna, félagið á einnig fulltrúa í Landvernd. Innan félagsins eru margir félagsmenn með mjög sterkar skoðanir varðandi loftslags- og umhverfismál og þess vegna hefur félagið sem slíkt ekki tekið formlega afstöðu í stórum umhverfismálum,“ segir Alda Jónsdóttir leiðsögumaður að lokum.

## Vissir þú...

...að verðlagseftirlit ASÍ kannar reglulega vöruverð og verðþróun. Með slíku verðlagseftirliti er hægt að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald með það að markmiði að halda vöruverði eins lágu og frekast er kostur. Lágt vöruverð er grundvallaratriði til að bæta lífskjörin.

...að Alþýðusamband Íslands er stærsta fjöldahreyfing launafólks á Íslandi.



VINNAN

## Fræðsluefni á albönsku, arabísku, ensku, pólsku, rússnesku, spænsku og tælensku.



### *Þessi fræðslurit eru fáanleg á öllum heilsugæslustöðvum.*

Texti ritanna hefur verið þýddur á nokkur tungumál og hægt er að nálgast textana og prenta út af heimasíðu Lýðheilsustöðvar:  
[www.lydheilsustod.is](http://www.lydheilsustod.is) - Útgefið efni - Foreign languages

[www.lydheilsustod.is](http://www.lydheilsustod.is)



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Lýðheilsustöð/Hugtök - Markaðsáætlun, Mars 2010.

# „...allra inndælasta verkfall”

Hvernig stendur á, að íslenska verkalyðs-hreyfingin hefir ekki enn eignast sína hetju-sögu, þrungna af sósíalískri vitund og vissu baráttufúss verkalyðs, borna uppi af fórnúsum hetjum verkalyðsins, er ganga sem einstaklingur upp í frelsisbaráttu stéttarheildarinnar, sem svo aftur gefur þeim þróttinn til að yfirvinna einstaklings sorgir sínar og áhyggjur? (EO: Réttur. Skáld á leið til sósíalismans 1932, 111)

Þannig spurði Einar Olgeirsson í grein í Rétti árið 1932. Þetta var árið eftir að seinna bindi Sólku Völku kom út og það er augljóst af grein Einars að sú saga uppfyllir ekki kröfu hans um hetjusögu fyrir íslenskan verkalyð. Fæstar þeirra íslensku skáldsagna sem birtust á næstu árum svöruðu kalli Einars þótt margir höfundanna væru samherjar hans í stjórnámálum. Ef leitað er að hetjusögum íslenskrar verkalyðsbaráttu í íslenskum bókmenntum á fyrri hluta tuttugustu aldar þegar baráttan var hörðust verður eftirtekjan rýr, það er helst í smásögum sem slíkar sögur er að finna og þá ósjaldan í sama tímariti og Einar ritaði grein sína í Rétti. Um ljóð gildir öðru máli, skáld eins og Steinn Steinarr, Jóhannes úr Kötlum og Halldór Laxness ortu ljóð sem urðu innblástur og brýning í baráttunni um brauðið.

Samt hefur verkalyðsbaráttu á löngum tímabilum sett mark sitt á íslenskar bókmenntir og ekki síður íslenska bókmenntaumræðu. Íslensk stjórnámálabaráttu var lengi fram eftir síðustu öld öðrum þræði menningarbaráttu og íslenskir rithöfundar og íslenskir verkamenn áttu löngum sameið. Skömmu eftir að Einar skrifaði grein sína bundust margir af fremstu höfundum þjóðarinnar samtökum í Félagi byltingarsinnaðra rithöfunda sem meðal annars hafði á stefnuskrá sinni „að vera málsvari og samherji verkalyðsins í menningarlegu byltingarstarfi hans“. Meðal þeirra rithöfunda sem sameinuðust um þennan málstað, innblásnir af byltingunni í Rússlandi og hinni nýju stefnu voru Halldór Laxness og Þórbergur Þórðarson. Þórbergur hafði raunar boðað byltingu verkalyðsins og sósíalisma allt frá því Bréf til Láru kom út árið 1924. Líkt og Halldór síðar aðhylltist hann sósíalisma sem vísindalegt skipulag:



Vér verðum að breyta skipulaginu. Fyrir getum við ekki gert oss neinar vonir um mannbætur. Núverandi skipulagsleysi heimskar menn og freistar þeirra til að vinna glæpsamleg flónskuverk. Í stað þess verðum vér að gefa þeim skipulag, sem freistar þeirra til að lifa heiðarlegu vitsmunalífi. Þetta skipulag er til á pappírnum. Það er sósíalisminn. Hann er vísindaleg skipulagning, reist á þekkingu, mannúð og virðingu fyrir andlegu lífi. (Bréf til Láru k. XV)

## Halldór Laxness og íslensk alþýða

Það er engin goðgá að halda því fram að Halldór Laxness hafi staðið fremstur í þeirri fylkingu rithöfunda sem lögðu málstað verkalyðsins lið. Upphaf þeirrar samfylgdar má rekja til Alþýðubókarinnar, ritgerðasafns sem Halldór sendi frá sér árið 1929 og tileinkaði íslenski alþýðu. Handritið færði hann Alþýðusambandi Íslands að gjöf sem síðan lét prenta bókina. Í Alþýðubókinni eru boðaðar einfaldar og tæknilegar lausnir á flestu því sem plagaði landslýð, allt frá raflýsingu sveitanna og samyrkjubúum til mjólkurframleiðslu yfir í almennt hreinlæti og tannhirðu. Höfundi ritgerðanna er mikið niðri fyrir og hann tekur umbótatillögur sínar fullkomlega alvarlega.

Þess vegna hefði mátt búast við því að þegar sami höfundur sendi á næstu árum frá sér mikla skáldsögu um lífið í þorpinu Óseyri við Axarfjörð myndi rætast draumurinn um hetjusögu fyrir verkalyðinn þar sem bent yrði á leiðir til úrbóta og hetjulegar kempur verkalyðsins vísuðu veginn til framtíðar. Svo

varð þó ekki. Í Sólku Völku tekur skálskapurinn völdin af hugsjónunum eins og svo oft hjá Halldóri og Arnaldur, elskhugi Sólku og efnilegur leiðtogi verkalyðsins snýst á köflum upp í skopstælingu á höfundi sínum. Hugsjónir þeirra eru þær sömu en það sem hjá Halldóri í Alþýðubókinni er einlægur framfaravilji og trú á hugmyndakerfi sósíalismans verður hjá Arnaldi að loftkóstulum og óraunsæju tali sem ævinlega brotnar á þeim kletti brjóstvits og almennrar skynsemi sem Salka er.

Arnaldi tekst þó að efna til verkfalls í þorpinu og þá nær sögumaður sér á verulegt flug í kaldhæðninni:

Þetta virtist í raun og veru allra inndælasta verkfall með daglegum framförum í bolsévism og alheimsbyltingu, rauðum fána, stöðugum fundarhöldum einkum meðal yngra fólksins, ræðulist, sönglist og kvennafari. (Salka Valka, Fuglinn í fjörinni k.9)

Stuttu seinna er eftir til kröfugöngu í þorpinu sem fær svipaða einkunn hjá sögumanni. Verkalyðsbaráttan á Óseyri virðist alltaf snúast upp í einhverskonar karníval þar sem allar reglur eru afnumdar um stund og niðurstaðan er alltaf sú sama: söngur og kvennafar:

Það var mjög tilfinningarík kröfuganga með fullkominni stéttvísi og óbifandi sannfæringu þess, að ekkert gæti framar komið til mála, nema alræði öreigans og engin stétt ætti tilverurétt, nema hið vinnandi fólk. Síðan var fundinum haldið áfram í barnaskólanum og honum lauk með dansi, söng og kvennafari út með öllum sjó (Salka Valka, Fuglinn í fjörinni, k.11)

Daginn eftir hefst vinna við fiskvöskun hjá Jóhannesi Bogesen og það er engin önnur en Salka sjálf sem fer í fylkingarbrjósti verkfallsbrjótanna, hún hefur ráðið sig sem verkstjóra hjá Bogesen. Arnaldur hverfur úr þorpinu í bili: „Það var ekki annað eftir af bolsévismannum en endurminningarnar um nokkur vikor, sem vöktu bara viðbjóð í hjörtum fólks, líkt og flöskubrot eftir afstaðið fylleri.“ (Salka Valka, Fuglinn í fjörinni, k.11) Svipaða sögu má segja af öðrum verkföllum í hinum stóru raunsæissögum Halldórs sem þó hafa verið íslenskum jafnaðarmönnum og verkafólki innblástur í gegnum tíðina. Það er lítil reyn yfir verkalyðsbaráttunni





í Heimsljósi. Kannski kemst Halldór næst því að lýsa verkalyðsbaráttu í jákvæðu ljósi þegar hann lýsir henni ekki, en gefur í skyn hvaða máttur getur falist í samtakamætti alþýðu í framtíðinni. Undir lok Sjálfstæðs fólks, þegar Bjartur hefur étið stolið brauð með verkamönnum í bragga ætlar hann að vekja son sinn, Gvend, sem hann hefur daginn áður ákveðið að skilja eftir hjá verkamönnum. Þegar á hólminn er komið fær hann sig þó ekki til þess:

Pilturinn svaf þar væran hjá tveim félögum sínum, allir miklir menn og sterkir, með breið brjóst og harðvítuga kjálka, þykkar stórbeinóttar hendur, en fyrir ofan þá lágu nokkur hakasköft. Þá fanst honum sonur sinn sóma sér svo vel í svefninum meðal þessara sterku manna, að hann tímdi ekki að vekja hann og taka hann frá þeim, hann mundi ekki sóma sér lakara meðal þeirra í vöku, honum fanst að í raun og veru ættu þeir skilið að eiga landið og stjórna því. (Sjálfstætt fólk k.75)

Hér, eins og í þekktasta verkalyðsbaráttukvæði Halldórs, Maístjörnunnar sem birtist í Heimsljósi, felst vonin ekki í sögum af hetjum sem vinna fræga sigra heldur í óljósri en þó sterkri von um framtíðina, um framtíð sem þó liggur utan við og handan við heim sagnanna sjálfra.

### Litið til baka

Hetjusagan sem Einar Olgeirsson lýsti eftir kom aldrei frá hendi Halldórs Laxness. Og kannski kom hún aldrei á þann hátt sem Einar dreymdi um, sem innlegg í baráttu dagsins. Þó geyma íslenskar bókmenntir hetjusögur um verkalyðsbaráttu, en þær eiga það flestar sameiginlegt að þar er litið til baka til liðinna tíma. Í minningabókum Tryggva Emilssonar, Baráttunni um brauðið og Fyrir sunnan er lýst kjörum og baráttu

verkamanns sem af heilum hug tekur þátt í baráttu stéttar sinnar. Tryggvi er fullkomlega heill í sinni baráttu, þar örlar hvergi á kaldhæðni og hann trúir á gildi samtakamáttar verkafólks alla tíð.

Einn er sá skáldsagnahöfundur sem hefur lýst baráttu íslensks verkalyðs, bæði sigrum og ósigrum á skáldlegan og innblásinn hátt, án þess að grípa til kaldhæðni. Í hinum mikla ljóðræna sagnabálki Einars Más Guðmundssonar, Fótsporur á himnum, Draumum á jörðu og Nafnlausum vegum er lýst kjörum fátæks fólks í Reykjavík á fyrri hluta tuttugustu aldar. Bræðurnir sem þar eru í forgrunni standa fremstir í baráttu verkalyðs og sósíalista. Í Nafnlausum vegum er að finna einhverja bestu lýsingu á verkfalli sem íslenskar bókmenntir hafa að geyma. Þar er meðal annars lýst tíu vikna Dagsbrúnarverkfalli með kaffiskorti og tilheyrandi hræðsluáróðri þar sem „börnum betri borgara var kennt að úlpuklæddir kommúnistar helltu niður mjólkinni sem þeim væri ætlað að drekka“ og „helsti óvinur landsins væri ekki lengur hafsinn heldur verkalyðsleiðtögin Jóhann sterki sem saug víst slík tóbaksfjöll upp í nefið að lítil börn héldu að hann væri með rana og liti út eins og fill“ (162). Þessu verkfalli lýkur með samningum þar sem „eitt og annað náði fram að ganga en öðru var hafnað. Örpreyttir menn rituðu nöfnin sín undir samninga.“ (166)

Í sögum Einars Más eru margar hetjusögur, smáar og stórar, en þær eru ekki innlegg í baráttu dagsins heldur goðsagnakennd ævintýri, upprifjun á tímum þegar samstaða og baráttu einkenndi líf fátæks fólks. Kannski eru það örlög verkalyðsbaráttu í íslenskum bókmenntum, þótt einstök ljóð og sögur hafi orðið innblástur í þeirri baráttu rís skáldskapurinn kannski hæst þegar hann rifjar upp liðna tíma.



## Vissir þú...

...að ASÍ krefst þess að efldar verði virkar vinnumarkaðsaðgerðir og menntunarræði, sérstaklega gagnvart ungu fólki, launafólki með litla formlega menntun og þeim sem þurfa á endurmenntun og símenntun að halda vegna breytinga í atvinnulífinu.

...að ASÍ lagði áherslu á að stjórnvöld gættu þess að félagslegar afleiðingar kreppunnar legðust ekki með óhóflegum þunga á börn og unglínga. Öllum grunnskólánemendum óháð efnahag foreldra yrðu tryggðar skólamáltíðir og aðgangur að íþrótt-, tómstunda-, og menningarstarfi og jafnrétti til náms tryggt án tillits til efnahags eða búsetu.

...að ASÍ sinnir margvíslegu fræðslustarfi fyrir stéttarfélagin. Námskeiðin miða að því að styrkja talsmenn stéttarfélaganna, efla innra starf félaganna og samskipti út á við. Tekið er mið af aðstæðum á vinnumarkaði og í samfélaginu hverju sinni.

...að sjúkrasjóðir stéttarfélaganna greiða dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum launþega, vegna veikinda langveikra og alvarlegra fatlaðra barna og vegna alvarlegra veikinda maka. Upphæð dagpeninga miðast við 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

...að stéttarfélag bjóða upp á styrki til endurmenntunar.





# Hver er refsingin fyrir að ræna þjóð?

Verkalýðsforingjarnir Hjördís Þóra og Finnbjörn Hermannsson ræða ástandið og framtíðina

Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir formaður AFLs á Austurlandi og Finnbjörn Hermannsson formaður Samiðnar og Fagfélagsins leiða stór félög innan ASÍ. Félagsmenn þeirra hafa fundið rækilega fyrir kreppunni sem læsti sig um íslenskt samfélag haustið 2008 og hefur ekki linað takið síðan. Atvinnulífið virðist botnfrosið og atvinnuleysið því aukist síðustu mánuði. Það er nú í sögulegu hámarki.

**En hvernig birtist Hjördísi Þóru og Finnbirni ástandið á skrifstofum stéttarfélaganna sem þau stýra?**

**FH:** „Álagið hefur aukist verulega vegna hrunsins. Fyrst var mikið um aðstoð vegna uppsagna og lækkunar launa en síðan breyttist það yfir í aðstoð vegna gjaldþrota fyrirtækja og kröfugerða í þrotabú. Þá er mun meira sótt í sjúkrajóð en áður. Það hefur líka orðið sú breyting á að mikið er spurt um styrki vegna lyfjakostnaðar, ýmissa tækjakaupa og almenns læknskostnaðar.“

**HPS:** „Ástandið í þjóðfélaginu hverju sinni endurspeglast í þeim erindum sem okkur berast á skrifstofur félagsins. AFL rekur níu þjónustuskrifstofur á félagssvæðinu og er atvinnuástandið misjafnt á milli staða. Á tveimur skrifstofanna erum við með þjónustu fyrir Vinnumálastofnun og þangað leitar eðlilega atvinnulaust fólk. Á aðrar skrifstofur leita félagsmenn með alls konar vandamál tengd minnkandi vinnu eða atvinnumissi, réttindum til atvinnuleysisbóta, skyldur atvinnulausra, úrræði Vinnumálastofnunar og síðast en ekki síst samskipti við stofnunina sem alltof oft eru þung og erfið. Jafnframt fáum við fjölmargar fyrirspurnir varðandi minnkandi starfshlutfall, styttingu eða niður-fellingu á yfirvinnu, ferli uppsagna og fleira.“

**FH:** „Það má líka minnast á að krafa bæði

frá félagsmönnum og ekki síður atvinnurekendum hefur komið inn á borð hjá okkur um að „taka til á vinnumarkaðinum“. Á meðan á uppganginum stóð var töluvert um að menn væru munstraðir í störf sem þeir voru ekki lærðir til. Nú eru þessir sömu aðilar sem ýmist stýrðu þeim í verkum eða hreinlega réðu þá í vinnu með kröfur á okkur um að við stoppum ófaglærða aðila og skiptum þeim út fyrir lærða. Skjótt skipast veður í lofti.“

## Miklar kröfur og væntingar til stéttarféлага

**Er mikilvægi stéttarféлага kannski aldrei meira en einmitt í ástandi eins og við erum að upplifa núna?**

**HPS:** „Það er upplifun okkar að þegar vel árar þá þurfi félagsmaðurinn minna á félaginu að halda en þegar illa árar. Á uppgangstímum þegar eftirspurn eftir starfsfólki eykst þá geta starfsmenn samið um viðbót við launin og telja sig því síður þurfa á félaginu að halda. Þegar ver árar þá segja atvinnurekendur upp yfirborgunum og launamaðurinn situr eftir á lágmarkstöxtum. Í ástandinu núna er einnig meiri þörf fyrir aðstoð ýmissa sjóða sem félagið stendur að s.s. sjúkra- og starfsmenntasjóða, en margir nota eðlilega aukinn tíma vegna minnkandi vinnu til að fara í nám eða á námskeið.“

**FH:** „Ég tek undir þetta. Ég finn fyrir miklum kröfum og væntingum til stéttarféлага. Það er aldrei meiri þörf en nú þar sem erfitt er fyrir einstaka félagsmenn að standa á sínum kröfum. Það eru oft á tíðum í gangi ósanngjarnar kröfur til okkar félagsmanna að liðka nú til og lækka launin eða vinna stopult. Þarna þarf stéttarfélagið að stiga inn og verja einstaklinginn. Það er

einnig mjög mikilvægt að við komum inni mál ef verið er að breyta vinnustaðasamningum og þess háttar. Það er erfitt fyrir trúnaðarmann að standa einn í eldlínunni gagnvart fyrirtækjum í dag. Ég finn mikið fyrir vonbrigðum launamanna þegar þeir standa frammi fyrir þessum kröfum því þeir fengu bara sín strípuðu laun þegar allt var í uppgangi. Nú horfa þeir sömu upp á að ágóðinn sem safnast hafði upp í fyrirtækinu í formi eigin fjár er horfinn í eitthvað allt annað. Þeim er svo gert að herða sultarólinu til að bjarga, ef einhverju er að bjarga. Það er erfitt að kyngja slíkum kröfum.“

## Stjórnámálamenn hafa framlengt kreppuna með sundurlyndi

**Stjórnámálamenn báru mikla ábyrgð á hruninu og sumir halda því fram að þeir séu líka að bregðast í endurreisninni. Hver er ykkar skoðun á því?**

**HPS:** „Stjórnámálamenn fyrri tíma bera ábyrgð á þeim ramma sem bankar og aðrar fjármálastofnanir störfuðu í. Sá rammi var augljóslega gisinn þar sem græðgi, spilling og sérhagsmunahygga réðu ferðinni og mönnum tókst bæði að sópa til sín fjármunum úr bankakerfinu og sólsa undir sig hverju fyrirtækinu á fætur öðru, hirða úr þeim öll verðmæti og skilja eftir sig sviðna jörð.“

Varðandi endurreisnina þá hefur hún auðvitað tekið allt of langan tíma. Ég vil lýsa ábyrgð á hendur stjórnvöldum, bæði stjórn og stjórnarandstöðu hvað það varðar. Að þingheimur þvæli á undan sér sama málinu misserum saman er eitt útaf fyrir sig óábyrgt. Hvað þá heldur þegar staðan í þjóðfélaginu er eins og hún er í dag. Stöðugleikasáttmálinn sem undirritaður var í fyrrasumar var liður í því að flyta fyrir endur-



reisninni. Launafólk færði sínar fórnir og frestaði umsömdum launahækkunum til að leggja sitt að mörkum inn í sáttina. Því miður hef ég upplifað það svo að launamenn séu þeir einu sem standa við sinn hluta sáttarinnar. Það gengur auðvitað ekki.“

**FH:** „Ég lít svo á að við séum búin að framlengja kreppuna að a.m.k. um ár með sundurlyndi stjórnarflokkanna og síðan stjórnar og stjórnarandstöðu. Mér virðist sumir stjórnámálamenn ekki gera sér grein fyrir ástandinu þegar þeir reyna að slá pólitískar keilur sjálfum sér til framdráttar. Síðan má ekki gleyma því að þetta verkefni að reisa heilt samfélag við bæði fjárhagslega og ekki síður siðferðilega er stærra en nokkurt þing hefur staðið frammi fyrir og engar hliðstæður eða fyrirmyndir að leita í. Því leita alþingismenn í smáatriðin sem þeir ráða við. Mér blöskrar einnig málf lutningur manna sem stóðu í miðjum hrunadansinum á þingi

og tala nú eins og þeir séu nýkomnir frá tunglinu og nánast eins og gestir hér. Þeir eru svo hvítþvegnir af hörmungunum.“

**HPS:** „Ég tel að ASÍ hafi á vissan hátt misst af tækifæri til að taka forystu í endurmati á gildum í þjóðfélaginu með því að ganga ekki fram fyrir skjöldu hálfum mánuði eftir hrun. T.d. var tillögum okkar um að ASÍ krefðist lögreglurannsóknna, með húsleitum og tilheyrandi, á aðdraganda bankahrunsins tekið fálaga og þær svæfðar í nefnd. Við vitum öll framhaldið og að lögregla hér og erlendis hefur staðið í umfangsmiklum aðgerðum vegna þessara hluta. Ég tel að félagsleg hreyfing launafólks eins og Alþýðusambandið er, eigi nú að taka afgerandi forystu í þeirri uppbyggingu sem framundan er. Það getur verið sársaukafullt fyrir samtök sem eru „þverpólitísk“ en nú verðum við að hafa kjark til að ganga fram fyrir skjöldu og fylgja eftir félagslegum markmiðum

verkalýðsbaráttunnar.

Enduruppbygging samfélagsins verður ekki án aðkomu launafólks og við verðum að nýta samtakamátt okkar mun betur en við höfum gert og fara að setja skilyrði en ekki alltaf að leita sátta við alla hagsmunaðila. Það er kominn tími á að laun verkafólks verði ekki afgangsstærð í samfélaginu heldur sett í forgang.

Ég vil líka koma að málefnum okkar á landsbyggðinni en í samdrætti eins og nú gengur yfir, kemur aðstöðumunur barna launafólks til menntunar enn betur í ljós en hingað til. Því miður er nokkuð um að unglingar hrekist úr námi vegna efnahagsaðstæðna foreldra – þar sem um langan veg er að fara og dýrt að búa fjarri foreldrum.“

**FH:** „Ég tel líka ábyrgð þessara lærðu sérfræðinga vera mjög mikla. Þar á ég við stéttir eins og lögfræðinga og endurskoðenda. Þeirra leiðsögn hefur verið þannig

að það sem ekki er bannað með lögum sé leyfilegt, og það sem er bannað má hártoga og gera vafasamt, búa til grá svæði og spila þar. Ef andi laga og siðgæði er ekki haft til hliðsjónar er gjörsamlega ómögulegt að halda úti eðlilegu samfélagi. Við sjáum t.d. í skattamálum hvernig heilu stéttirnar hafa komist undan því að taka þátt í samfélagskostnaði, það eru endalaust bún til skálka-skjól til að komast hjá skattgreiðslum. Því miður sé ég engin merki um hugarfarsbreytingu á þessu sviði.“

## Nauðsynlegt að draga menn til ábyrgðar

*Menn hrópa á álver og aðrar stórframkvæmdir en er ekki tími til að leita nýrra atvinnu-tækifæra, nýrra lausna?*

**HPS:** „Jú vissulega er auðvelt að hrópa á mannfreakar framkvæmdir til að slá hratt á atvinnuleysið. Í stöðugleikasáttmálanum listuðu aðilar upp og tímasettu þær mannfreaku framkvæmdir sem fara áttu af stað. Á öllum tímum þarf að huga að nýsköpun í atvinnulífinu, ekki síst núna. Margar nýjar hugmyndir hafa komið fram í krepunni hjá því fólki sem hefur misst vinnuna. Flest þessi verkefni eru smá þar sem aðilar eru þá að skapa sjálfum sér atvinnu. Til viðbótar við stærri verkefni eru ýmis viðhaldsverkefni sem tilvalið er að fara í á þessum tímum, s.s. viðhald húsnæðis í eigu ríkis og sveitarfélaga, mörg þeirra þurfa ekki langan undirbúningstíma.“



**FH:** „Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að fara í þau verkefni sem búið er að ákveða eins og stækkun álversins í Straumsvík og það sem búið er að semja um í Helgavík. Þessum framkvæmdum fylgja virkjanir



og þær verður að byggja. Til framtíðar er ég þeirrar skoðunar að við eigum að leita fleiri kosta og þá horfi ég sérstaklega til þess að við eigum að sammælast um virkjanaáætlanir vel fram í tímann til að fá smærri kaupendur raforku til okkar sem eru með fleiri störf á hvert megawatt. Það að setja samasem merki milli eins raforkukaupanda og virkunar kallar á stóriðjuver eins og álver. Sá tími er liðinn að mínu áliti. Það eru mjög margir smærri kaupendur raforku með mjög álitleg verkefni sem banka reglulega upp á hjá opinberum aðilum. Ef við getum tryggt rafmagn þá eru kaupendurnir til og mjög fjölbreytt flóra fyrirtækja.“

*Hvernig viljið þið að verkalýðshreyfingin beiti sér í því endurreisnarstarfi sem framundan er?*

**HPS:** „Í upphafi lögðum við hjá AFLi mikla áherslu á að þeir sem ollu hruninu yrðu látnir sæta ábyrgð. Það væri ekki bara réttlætismál, heldur myndi það einnig flýta fyrir að byggja upp traust á nýjan leik. Það er lykillinn að því að við getur horft fram á veginn. Það var ekki gert og fólk er að missa trúna á að það verði gert. Ef þú stelur læri úr matvöruverslun getur þú verið viss um að hljóta refsingu en ef þú ræmir þjóðina eins og gert var, hver er þá refsingin? Verkalýðshreyfingin hefur sýnt mikið langlundargeð í því að skapa stjórnvöldum svigrúm til að reisa við efnahagskerfið. Polínæðin gagnvart stjórnvöldum er á þrotum hjá verkalýðshreyfingunni, launafólkinu, fyrirtækjunum og öllum öðrum sem efnahagskreppan bitnar á.“

**FH:** „Ég get tekið undir þetta. Ég tel mikilvægasta hlutverk stéttarfélaganna og verkalýðshreyfingarinnar nú vera þá vinnu sem við stöndum einmitt í núna, þ.e. að smala saman „aðilum vinnumarkaðarins“ og stjórnvöldum í uppbyggilegar aðgerðir í atvinnumálum og að verja heimilin í landinu s.s. vegna skuldavanda og kostnaðarauka á

ýmsum sviðum. Við þurfum að hamra áfram á mikilvægi þess að koma fleira fólki í vinnu. Það er algert þjóðarbölið að láta fólk ganga um atvinnulaust. Þar sem við eigum að beita okkur næst er að mínu viti að koma á gegnsæra og heiðarlegra samfélagi. Ef við höldum áfram á þeirri línu sem viðskiptalífið vinnur á, þ.e. að allt sem ekki er bannað sé leyfilegt, mun það bera annað hrun með sér. Ég hef það á tilfinningunni að þar höfum við lítið lært. Mér finnst endurreisnin vera byggð á þessu sjónarmiði og það gengur ekki. Ég er svo gamaldags að ég sakna þessa tíma þegar orðheldni var dygð og handsal einhvers virði. Nú getur þú ekki gert lítil viðskipti nema skrifleg séu, vottuð og þinglýst.

Ég tel að við þurfum næstu tvö ár til að byggja okkur upp en þá vil ég líka sjá allt komið í blóma aftur. Við eigum að geta það. Við verðum að fara að gera þetta hrun upp í huga okkar og horfa til framtíðar. Það tekur allt of mikla orku frá okkur að dröslast með neikvæðnina og hefndarhuginn á eftir okkur. Við eigum að byggja upp til framtíðar en ekki fortíðar.“



# Ung og virk í verkalýðshreyfingunni



Nafn: **Sæunn Pálmadóttir**  
 Aldur: **32**  
 Bær: **Ólafsfjörður**  
 Starf: **Fiskvinnsla**  
 Stéttarfélag: **Eining-löjla**

### *Hvað fékk þig til að starfa innan verkalýðshreyfingarinnar?*

Ég byrjaði í þessu þegar ég var kosin trúnaðarmaður á vinnustaðnum sem ég var að vinna á. Síðan hefur eitt leitt af öðru.



Nafn: **Einar P. Pálsson**  
 Aldur: **35 ára**  
 Bær: **Akureyri**  
 Starf: **Verslunarmaður**  
 Stéttarfélag: **FVSA**

### *Hvað fékk þig til að starfa innan verkalýðshreyfingarinnar?*

Fyrst voru það samstarfsfélagarnir. Síðar vaknaði áhugi minn á kjaramálum og því mikilvæga starfi sem verkalýðshreyfingin stendur vörð um.

### *Skiptir máli að vera í stéttarfélagi?*

Auðvitað skiptir máli að vera í stéttarfélagi og aldrei meira en núna þegar við stöndum á þessum erfiðu tímum í efnahags og atvinnumálum. Það er fyrst og fremst samstaða og samvinna sem mun koma okkur yfir þennan erfiða hjall.

### *Er ungt fólk meðvitað um kosti þess að vera í stéttarfélagi?*

Já auðvitað er ungt fólk meðvitað um það. En mér finnst samt vanta mikið upp á að fræðslan skili sér almennilega til unga fólksins. Þó að mikil framför hafi orðið í þessum málum, má gera betur.

### *Hvað er í þínum huga stærsta framfaramál sem verkalýðshreyfingin hefur komið að á undanförunum árum?*

Þó að það séu mörg þörf framfaramál sem hafa komið fram þá finnst mér tilkoma Starfsendurhæfingarsjóðs eitt það stærsta. Það að grípa snemma inn í mál og láta fólk fá einstaklingsbundnar lausnir á sínum málum er mjög jákvætt. Þannig má koma í veg fyrir að að launafólk hverfi út af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. Það er stórt skref í rétta átt.

### *Hvað getur verkalýðshreyfingin gert betur?*

Það er margt sem þarf að bæta og laga og staðan á vinnumarkaði er ekki góð. Því held ég að verkalýðshreyfingin þufi núna að sýna meiri samstöðu og vera enn sýnilegri en áður.

### *Skiptir máli að vera í stéttarfélagi?*

Já það skiptir höfuðmáli að vera í stéttarfélagi. Að vera það ekki er nokkuð svipað og að vera ótryggður.

### *Er ungt fólk meðvitað um kosti þess að vera í stéttarfélagi?*

Nei því miður virðist ungt fólk ekki hugsa mikið um réttindi, skyldur né stéttarfélög. Fræðsla innan grunnskóla er hugmynd sem rædd var í opinni umræðu skipulagsmála ASÍ nú ekki fyrir löngu og ljóst er að ungt fólk er sá hópur sem verkalýðshreyfingin verður að ná betur til.

### *Hvað er í þínum huga stærsta framfaramál sem verkalýðshreyfingin hefur komið að á undanförunum árum?*

Lenging fæðingorlofs með tilkomu feðraorlofs var mikilvægt skref því að sjálfsgöngu eiga feður að hafa sömu tækifæri og mæður til að ala upp og vera með börn sín. Það er auðvitað mjög mikilvægt fyrir börn á fyrsta ári að fá að vera sem mest með báðum foreldrum sínum. Þessi réttur hefur lengt þann tíma í þeim tilfellum sem feður hafa kosið að taka sér orlof. Stefna stjórnvalda um skerðingu fæðingarorlofs er því stórt skref afturábak.

### *Hvað getur verkalýðshreyfingin gert betur?*

Eitt af því sem verkalýðshreyfingin mætti skoða er hvernig við félagsmenn getum nálgast ungt fólk betur og fengið það til liðs við hreyfinguna. Einnig hvernig megi nýta auð kvenna betur til forystu.



## Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig

- Sterkari saman!

Sætúni 1 • 105 - Reykjavík • Sími: 510 7500 • Fax: 510 7501 • [www.efling.is](http://www.efling.is)



- stendur með þér

# Nýtti mér öll úrræðin



„Ég hafði ekki hugmynd um að mér byðist svona góð ráðgjöf hjá stéttarfélaginu mínu, Félagi iðn- og tæknigreina. Þegar Sigrún Sigurðardóttir ráðgjafi hafði farið yfir stöðuna með mér leit allt miklu betur út,“ segir Gunnar Ágúst Pálsson málari.

Gunnar Ágúst starfaði sem málari í 15 ár. Í kjölfar bankahrunsins missti hann vinnuna og var á atvinnuleysisbótum sl. haust, þegar brjós-klos í baki gerði vart við sig. „Þegar ég var óvinnufær vegna brjós-klossins fékk ég ekki lengur atvinnuleysisbætur, heldur sjúkradagpeninga. Ég leitaði þá til stéttarfélagsins eftir aðstoð og Sigrún ráðgjafi tók á móti mér. Hún fór yfir alla hluti með mér, skráði allt niður sem ég sagði og leitaði svo bestu lausna. Til að byrja með

fór ég í sjúkrabjálfun, en það var ekki það eina. Sigrún tryggði líka að ég gat leitað mér ráðgjafar í fjármálum og hún stakk líka upp á að ég færi á námskeið til að efla sjálfsmyndina.“

Gunnar Ágúst var strax frá upphafi mjög jákvæður og sagði ekki annað hafa verið hægt, enda hefði Sigrún nálgast allt á jákvæðan hátt. „Heilsufarið batnaði fljótt og ég fór af sjúkradagpeningum og aftur á atvinnuleysisbæturnar. Mér hefur ekki tekist að fá vinnu á ný, enda er allur byggingabransinn botnfrosinn. Núna gæti ég sinnt fyrra starfi, því sjúkrabjálfunin hefur hjálpað mjög mikið og ég slapp alveg við að fara í aðgerð vegna brjós-klossins, í bili að minnsta kosti. Fyrra starf er hins vegar ekki í

boði og ég er alveg reiðubúinn að leita fyrir mér á nýjum vettvangi.“

## Kom ánægjulega á óvart

Gunnar Ágúst kveðst ekki hafa vitað af hinni öflugra ráðgjöf, sem stéttarfélag hans bauð upp á, fyrr en hann þurfti á henni að halda. „Það kom mér mjög ánægjulega á óvart hversu mikið var hægt að gera fyrir mig. Hið sama gildir um ættingja og vini, þeir voru alveg undrandi á því hversu öflugt þetta starf er. Ég er mjög þakklátur, enda veit ég að barátta undanfarinna mánuða hefði verið miklu erfiðari ef ég hefði ekki notið ráðgjafar Sigrúnar.“

Hann hittir Sigrúnu ráðgjafa ekki lengur, en veit að hann er velkominn hvenær sem hann vill. „Ég nýtti mér öll úrræði sem hún stakk upp á. Fjögurra daga námskeið í sjálfsstyrkingu var til dæmis mjög athyglisvert, en ég efast um að ég hefði sjálfur haft frumkvæði að því að sækja slíkt námskeið. Ég hafði fundið fyrir svartsýni, sem var ekki að undra, og mér fannst gott að fá þessa aðstoð. Ráðgjöfin er nauðsynleg fyrir fólk, sem lendir í því að falla út af vinnumarkaði um tíma, hver sem ástæðan er. Mér fannst líka gott að fá aðstoð við að fara yfir fjármálin, sem voru auðvitað erfið við að eiga eftir margra mánaða atvinnuleysi og veikindi. Ég sat bæði hóptíma og fékk einkaráðgjöf og hvort tveggja nýttist mér mjög vel. Það er svo miklu erfiðara að fá hlutlausna sýn á málin þegar maður situr heima í vonleysi.“

## Gefst ekki upp

Gunnar Ágúst ætlar ekki að leggja árar í bát, þótt hann sjái ekki fram á að geta fengið vinnu sem málari á næstunni. „Ég gæti þess að hitta fólk og sækja námskeið, svo ég einangrist ekki og koðni niður. Núna ætla ég að sækja tölvunámskeið á vegum Vinnuálastofnunar. Kannski það gagnast mér til að finna aðra vinnu. Ég ætla alla vega ekki að gefast upp.“

# Hlutverk og verkefni Starfsendurhæfingarsjóðs



Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK) er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna heilsuþrestra, með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Meginverkefni sjóðsins er að skipuleggja störf ráðgjafa sem starfa á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna um allt land og aðstoða einstaklinga sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda. Sérstök áhersla er lögð á snemmbært inngrip og fjölbætt starfsendurhæfingarúrræði. Þjónusta Starfsendurhæfingarsjóðs er einstaklingum sem hennar njóta að kostnaðarlausu.

Að Starfsendurhæfingarsjóði standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda hérlendis og hefur myndast góð samstaða þessara aðila um uppbyggingu þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Um sjóðinn var samið í kjarasamningum árið 2008 og verður hann til framtíðar fjármagnaður af atvinnulífi, lífeyrissjóðum og ríki.

Sjóðurinn hóf starfsemi í ágúst 2008 og nú eru starfandi 22 ráðgjafar í ríflega 17 stöðugildum um allt land og hófu flestir þeirra störf á haustmánuðum 2009. Vinnustöðvar ráðgjafa eru hjá stéttarfélagum eða sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarféлага og einstaklingar sem koma í ráðgjöf geta pantað tíma þar.

Forsenda þjónustu ráðgjafa í starfsendurhæfingu er að til staðar sé heilsuþrestur sem skerðir starfsgetu viðkomandi einstaklings. Allir einstaklingar á vinnumarkaði eiga rétt á þjónustu hjá ráðgjöfum séu þessar forsendur til staðar og það sama gildir um þá sem eru á dagpeningum hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага, eru í atvinnuleit, fá bætur frá Atvinnuleysisstryggingarsjóði eða eiga rétt á örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum.

Ráðgjafar stéttarfélaganna veita þjónustu á sviði starfsendurhæfingar þar sem markmiðið er fyrst og fremst að aðstoða viðkomandi einstakling við að vera í eða fara aftur í vinnu. Þjónustan er fjölbreytt og miðar að því að hvetja einstaklinginn til að nýta styrkleika sína og um leið að fækka þeim hindrunum sem koma í veg fyrir að hann geti verið virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Mikil áhersla er lögð á trúnað og öryggi.

Ef einstaklingur þarf á meiri þjónustu að halda en þeirri sem ráðgjafi getur veitt eru kallaðir til sérfræðingar eða keypt nauðsynleg þjónusta eftir þörfum og aðstæðum hvers og eins. Dæmi um slíka þjónustu eru; tímar hjá sálfræðingi, líkamsrækt með

stuðningi sérfræðings, námskeið eða önnur aðstoð til sjálfstyrkingar. Áhersla er lögð á góða samvinnu við heilbrigðisstofnanir og þá sérstaklega við heilsugæslulækna.

Nú þegar hafa tæplega 800 einstaklingar fengið aðstoð hjá ráðgjöfum stéttarfélaganna og aðsókn í þjónustuna eykst með hverri viku. Þegar hefur komið í ljós góður árangur af starfi ráðgjafanna og viðbrögð frá félagsmönnum stéttarféлага við þjónustunni eru mjög jákvæð. Hér til hliðar er viðtal við einstakling sem notið hefur þjónustu ráðgjafa VIRK. Á heimasíðu Starfsendurhæfingarsjóðs [www.virk.is](http://www.virk.is) er að finna nánari upplýsingar og fleiri viðtöl sem gefa góða mynd af þjónustunni.



**Reykjavík Apótek**  
óskar öllum landsmönnum  
til hamingju með **1. maí**

Reykjavík Apótek býður upp á hagstætt verð og framúrskarandi þjónustu. Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur.

**AFGREIÐSLUTÍMI**  
9–18:30 virka daga  
10–16:00 laugardaga

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)



# Ánægjulegt að geta nýtt þekkingu og reynslu til góðra verka

segir Björn Eysteinnsson starfsmaður RSÍ



Það er ekki ofsögum sagt að Íslendingar hafa fylgst af stolti með starfi íslensku alþjóðasveitarinnar á Haítí í janúar síðastliðnum. Hópurinn samanstóð af reynslumiklum og færum björgunarmönnum enda starf björgunarsveitanna á Íslandi afar öflugt þrátt fyrir að allt starf sé unnið í sjálfböðavinnu. Félagar björgunarsveitanna búa yfir margvíslegum bakgrunni og fjöldi þeirra eru félagsmenn aðildarféлага ASÍ. Björn Eysteinnsson er einn þeirra en hann er menntaður rafeindavirki en starfar um þessar mundir á skrifstofu Rafiðnaðarsambandsins. Björn hefur undanfarin ár starfað með alþjóðasveitinni og fór því á vettvang náttúruhamfaranna á Haítí til björgunarstarfa.

## Hvert er þitt hlutverk innan alþjóðasveitarinnar og í hverju fólst starf ykkar á Haítí?

„Ég starfa með Hjálparsveit skáta í Reykjavík en hlutverk okkar innan alþjóðasveitarinnar er búðastjórnun, ásamt því að leggja til vatnshreinsibúnað. Verkefni búðahópsins er fyrst og fremst að sjá um flutning á búnaði, tryggja að hann komi til skaðalandsins, svo og fæðismál, skipulagning, uppsetning og rekstur á tjaldbúðum sveitarinnar. Aftur á móti var starf búðahópsins á Haítí töluvert umfangsmeira en okkar plan segir til um.

## Uppblásnir braggar

Þegar við höfðum sett upp búðirnar okkar kom beiðni frá aðgerðastjórn Sameinuðu þjóðanna um að við hjálpuðum þeim um aðstöðu fyrir mannskap sem sér um sam-

skipti og útteilingu verkefna til björgunaraðila. Það varð úr að við létum þá hafa annað uppblásna braggtjaldið okkar sem átti að vera sjúkraaðstaða fyrir sveitina. Þannig að búðirnar okkar breyttust snögglega í miðstöð aðgerða. Við vorum einnig beðin um að taka að okkur skipulagningu á heildartjaldbúðum á svæðinu en björgunarsveitir streymdu til Haítí og þurftu sitt pláss. Þá sáum við einnig um „grátt vatn“ (vatn sem er ekki til drykkjar) fyrir þær sveitir sem vildu, en við vorum með 2000 lítra segltank og kranabúnað sem við lögðum til vegna þess. Þetta var auðvitað meiri vinna fyrir hópinn, en okkur fannst bara ánægjulegt að geta nýtt þekkingu og reynslu okkar til góðra verka og ekki síður áhugavert að sjá hvernig menn framkvæma svona risa aðgerð. Kvölds og morgna voru haldnir stöðufundir í okkar búðum með stjórnendum allra björgunarsveitanna sem tóku þátt í aðgerðum, þannig að við vorum í góðri aðstöðu til að fylgjast vel með þróun mála.“ Björn segir að reynslan og lærdómurinn sem sitji eftir ferðina til Haítí sé margvísleg.

„Þarna varð svakalegt mannfall og eyðileggingin rosaleg og því á maður ekki eftir að gleyma. Annað sem stendur upp úr er hvað hópurinn náði vel saman og engin slys eða alvarleg óhöpp urðu hjá okkur. Svona ferð fer síðan í reynslubankann og nýtist í næsta útkall.“



**Mikill velvilji atvinnurekenda**  
*Félagar í björgunarsveitunum þurfa margoft að sinna verkefnum sínum með litlum fyrirvara. Skyldu þeir mæta skilningi hjá atvinnurekendum þegar fara þarf úr landi til lengri tíma með skömmum fyrirvara?*



„Skilningur atvinnurekenda á starfi björgunarsveitarmanna virðist vera mjög góður almennt og ég held að flest okkar haldi launum í fjarvistum vegna útkalla. Það eru kannski helst einrykjar sem missa tekjur sínar. Fyrirtækin líta á þetta sem sitt framlag til málaflokksins sem það vissulega er og ber að virða og þakka. Björgunarsveitir á Íslandi eru allar reknar í sjálfböðastarfi og það getur ekki gengið nema með velvilja fyrirtækjanna sem meðlimirnir starfa hjá.“

## Öll menntun kemur að gagni

**Fjölmargir félagsmenn björgunarsveitanna hafa iðnmenntun – er hún mikilvægur grunnur vegna starfa í björgunarsveitunum?**

„Ég vil nú meina að öll menntun nýtist með einum eða öðrum hætti í björgunarsveit, hvort sem það er iðnmenntun, háskólamenntun eða annað. Starf björgunarmannsins er svo fjölbreytt að víðtæk reynsla kemur ávallt að gagni. Ég er rafeindavirki að mennt og það nýtist mér að sjálfsögðu í starfi alþjóðasveitarinnar eins og annarstaðar. Sennilega er það útivistarreynslan sem nýtist manni best við svona aðstæður og að sjálfsögðu menntun og þjálfun Hjálparsveitarinnar og íslensku alþjóðasveitarinnar.“







# ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum dyggan stuðning




# ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum stuðningin

## Reykjavík

**Eignamiðlunin ehf**  
Síðumúla 21  
**Eirberg ehf.**  
Stórhöfða 25  
**Endurvinnslan hf.**  
Knarrarvoggi 4  
**Ernst & Young hf.**  
Borgartúni 30  
**Farmanna- og fiskimannasamband Íslands**  
Grensásvegi 13  
**Félag leiðsögumanna**  
Mörkinni 6  
**Flugfreyjufélag Íslands**  
Borgartúni 22  
**Fönix ehf.**  
Hátúni 6a  
**Gjögur hf.**  
Kringlunni 7  
**Glófaxi hf.**  
Ármúli 42  
**Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili**  
Hringbraut 50  
**Halldór Jónsson ehf.**  
Skútuvogi 11  
**Háfell ehf.**  
Skeifan 11  
**Hjálparstarf kirkjunnar**  
Háaleitisbraut 66  
**Hvíta húsið hf. Auglýsingastofa**  
Brautarholti 8  
**Íþróttafélagið Fylkir**  
Fylkisvegi 6  
**Kjaran ehf.**  
Síðumúla 12-14  
**Krýna ehf.**  
Grensásvegi 48  
**Lagnalagerinn ehf.**  
Fosshálsi 27  
**Landsnet hf.**  
Gylfaflöt 9  
**Landsamband lögreglumanna**  
Grettisgötu 89  
**Lofstokkahreinsun.is**  
Garðhúsum 6  
**Lögmannafélag Íslands**  
Álftamýri 9  
**Merkismenn ehf.**  
Ármúla 36  
**Mjólkurfraeðingafélag Íslands**  
Stórhöfða 31  
**Múrarmeistarafélag Reykjavíkur**  
Skiptaholti 70  
**NM ehf.**  
Brautarholti 10  
**Nói-Sírius hf.**  
Hesthálsi 2-4  
**Nýi ökuskólinn hf.**  
Klettagörðum 11  
**Olíudreifing ehf.**  
Gelgjutanga  
**Póstmannafélag Íslands**  
Grettisgötu 89  
**Prentsmiðjan Oddi hf.**  
Höfðabakka 7  
**Probygg ehf.**  
Ystaseli 31  
**Rarik ohf.**  
Bildshöfða 9  
**Reykjavíkuborg**  
Borgartúni 12-14

## SÍBS

Síðumúla 6  
**Skípakostur sfl.**  
Dugguvogi 17-19  
**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins**  
Skógarhlíð 14  
**Snæland Grímsson ehf.**  
Langholtsvegi 115  
**Stál-Tech ehf.**  
Tunguhálsi 10  
**TEG endurskoðun ehf.**  
Grensásvegi 16  
**Tollstjóraembættið**  
Tryggvagötu 19  
**Utánríkisráðuneytið**  
Rauðarárstíg 25  
**Verkstjórafélag Reykjavíkur**  
Skiptaholti 50d  
**Verzlunin Brynja ehf.**  
Laugavegi 29  
**Vélar og verkfæri ehf.**  
Skútuvogi 1c  
**Viðskiptastofan BT sf.**  
Ármúla 21, 2. hæð  
**Kópavogur**  
**Arnardalur sf.**  
Þinghólsbraut 58  
**Bifreiðaverkstæði**  
**Friðriks Ólafssonar ehf.**  
Smiðjuvegi 22  
**Glófi ehf.**  
Auðbrekka 21  
**Íslandsspil sf.**  
Smiðjuvegi 11a  
**Kópavogsbær**  
Fannborg 2  
**Smurstöðin ehf.**  
Dalvegi 16a  
**Suðurverk hf.**  
Hlíðarsmára 11  
**Garðabær**  
**Garðabær**  
Garðatorgi 7  
**Samhentir-Kassagerð ehf.**  
Suðurhrauni 4  
**Hafnarfjörður**  
**Framtak-Blossi ehf.**  
Drangahrauni 1  
**AB-Þrif ehf.**  
Burknavöllum 3  
**Hafnarfjarðarbær**  
Strandgötu 6  
**Hvalur hf.**  
Hafnarfirði  
**Spennubreytar**  
Trönuhrauni 5  
**Starfsmannafélag ISAL**  
Straumsvík  
**Trésmiðjan okkar ehf.**  
Lyngbergi 19a  
**Vogar**  
**Sveitarfélagið Vogar**  
Löndal 2  
**Reykjanesbær**  
**Húsanes ehf. byggingarverktakar**  
Hafnargötu 91  
**Sparisjóðurinn í Keflavík**  
Tjarnargötu 12-14  
**Verzlunarmannafél. Suðurnesja**  
Vatnanesvegi 14

## Vatnasafl ehf.

Njarðarbraut 3d  
**Grindavík**  
**Einhamar Seafood ehf.**  
Verbraut 3a  
**Grímsnes ehf.**  
Hafnargötu 31  
**H.H. Smíði ehf.**  
Bakkalág 20  
**Verkalýðsfélag Grindavíkur**  
Víkurbraut 46  
**Vísir hf.**  
Hafnargötu 16  
**Sandgerði**  
**Flugfiskur ehf.**  
Holtsgötu 37  
**Skinnfiskur ehf.**  
Hafnargötu 4a  
**Mosfellsbær**  
**ÁS pipulagnir ehf.**  
Reykjabyggð 8  
**Ísfugl ehf.**  
Reykjavegi 36  
**Borgarnes**  
**Borgarverk ehf.**  
Sólbakka 17  
**Ólafsvík**  
**Ferskur ehf.**  
Ennisbraut 10  
**Hellissandur**  
**KG Fiskverkun ehf.**  
Melnesi 1  
**Kristinn SH-112**  
Háarífi 53  
**Vélsmiðja Árna Jóns ehf.**  
Smiðjugötu 6  
**Grundarfjörður**  
**Ragnar og Ásgeir ehf.**  
Sólavöllum 7  
**Ísafjörður**  
**Alþýðusamband Vestfjarða**  
Pólgötu 2  
**Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar**  
Hafnarstræti 1  
**Félag járnönaðarmanna**  
Pólgötu 2  
**Hafnarbúðin**  
Hafnarhúsinu  
**KNH ehf.**  
Grænagarði  
**Lífeyrissjóður**  
**Vestfirðinga**  
Hafnarstræti 9-13  
**Sýslumaðurinn á Ísafirði**  
Hafnarstræti 1  
**Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.**  
Aðalstræti 26  
**Bolungarvík**  
**Bolungarvíkurkaupstaður**  
Aðalstræti 12  
**Pípulagningarþjónustan ehf.**  
Hafnargötu 16  
**Súðavík**  
**Súðavíkurhreppur**  
Grundarstræti 3  
**Suðureyri**  
**Fiskvinnslan Íslandssaga hf.**  
Freyjugötu 2

## Patreksfjörður

**Oddi hf. fiskverkun**  
Eyrargötu 1  
**Tálknafjörður**  
**Þórberg hf.**  
Strandgötu  
**Bíldudalur**  
**GSG**  
**vörubílaakstur-trésmíði ehf.**  
Kriubakka 4  
**Hvammstangi**  
**Húnafing vestra**  
Hvammstangabraut 5  
**Blönduós**  
**lðnsveinafélag Húvættinga**  
Þverbraut 1  
**Sauðárkrókur**  
**lðnsveinafélag Skagafjarðar**  
Sæmundargötu 7  
**Sjávarleður hf.**  
Borgarmýri 5  
**Varmahlíð**  
**Akrahreppur**  
Skagafirði  
**Siglufjörður**  
**Rammi hf.**  
Gránugötu 1-3  
**Ólafsfjörður**  
**Sjómannafélag Ólafsfjarðar**  
Brekkgötu 9  
**Akureyri**  
**Félag málmíðnaðarmann**  
Skjpagötu 14  
**Kartöflusalan ehf.**  
Fjölhúsgötu 2b  
**Norðurorka hf.**  
Rangárvöllum  
**Orlofsbyggðin Illugastaðir**  
Fnrjóskaðal  
**Sagaplast-Endurvinnslan ehf.**  
Réttarhvammi 3  
**Samherji hf.**  
Glerárgötu 30  
**Sjómannafélag Eyjafjarðar**  
Skjpagötu 14  
**Slippurinn Akureyri ehf.**  
Hjaltteyrargötu 20  
**Verkstjórafélag**  
**Akureyrar og nágrennis**  
Skjpagötu 14  
**Grímsey**  
**Sigurbjörn ehf. útgerð**  
Öldutúni 4  
**Þórshöfn**  
**Geir ehf.**  
Sunnuvegi 3  
**Verkalýðsfélag Þórshafnar**  
Langanesvegi 18  
**Vopnafjörður**  
**Sláturfélag Vopnfirðinga hf.**  
Hafnarbyggð 6  
**Vopnafjarðarhreppur**  
Hamrahlíð 15  
**Egilsstaðir**  
**Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.**  
Einhleypingi 1

## Þ.S. Verktakar ehf.

Miðási 8-10  
**Sólskógar ehf.**  
Kaldá  
**Seyðisfjörður**  
**Brimberg ehf.**  
Hafnargötu 47  
**Gullberg hf.**  
Langatanga 5  
**Seyðisfjarðarkaupstaður**  
Hafnargötu 44  
**Neskaupstaður**  
**G.Skúlason vélaverkstæði ehf.**  
Nesgötu 38  
**Haki ehf.**  
Píljuvöllum 10  
**Reyðarfjörður**  
**Verkstjórafélag Austurlands**  
Austurvegi 20  
**Eskifjörður**  
**Eskja hf.**  
Strandgötu 39  
**Fáskrúðsfjörður**  
**Loðnuvinnslan hf.**  
Skólavegi 59  
**Breiðdalsvík**  
**Breiðdalshreppur**  
Ásvegi 32  
**Höfn í Hornafirði**  
**Skinney - Þinganes hf.**  
Krossey  
**Hella**  
**Pakkhúsið Helli ehf.**  
Suðurlandsvegi 4  
**Selfoss**  
**Toppmenn ehf.**  
Austurvegi 11  
**Grímsneshreppur og Grafingshreppur**  
Stjórnsýsluhúsinu Borg  
**Veitingastaðurinn Menam**  
Eyrarvegi 8  
**Verzlunarmannafélag**  
**Suðurlands**  
Austurvegi 56  
**Hveragerði**  
**Eldhestar ehf.**  
Völlum  
**Garðyrkjustöð Ingibjargar**  
Heiðmörk 38  
**Þorlákshöfn**  
**Frostfiskur ehf.**  
Hafnarskeiði 6  
**Sveitarfélagið Ölfus**  
Hafnarbergi 1  
**Vestmannaeyjar**  
**Frár ehf.**  
Hásteinsvegi 49  
**Ísfélag Vestmannaeyja hf.**  
Strandvegi 28  
**Narfi ehf.**  
Strembugötu 8  
**Sjómannafélagið Jötunn**  
Skólavegi 21b  
**Teiknistofa**  
**Páls Zóphóniassonar ehf.**  
Kirkjuvegi 23

# NÁM ALLA ÆVI

## Nám fyrir fullorðna einstaklinga á vinnumarkaði

### Grunnmenntaskólinn

Er fyrir þá sem hafa stutta skólagöngu að baki og vilja styrkja stöðu sína í almennum greinum.

### Félagliðabréu og Leikskólabréu

Námsleiðir fyrir þá sem starfa við umönnun aldraðra, sjúklinga eða vinna á barnaheimilum.

### Aftur í nám

Er fyrir fólk sem á við lestrarörðugleika eða lesblindu að stríða.

### Þjónustuliðanám

Er ætlað starfsfólki sem vinnur við ræstingar eða í bítibúrum.

### Öryggisvarðanám

Öryggisvarðanám er fyrir starfandi öryggisverði.

### Fagnámskeið

Eru annars vegar fyrir starfsmenn á leikskólum og hins vegar fyrir starfsmenn sem vinna við umönnun og aðhlyningu.

### Landnemaskólinn

Er fyrir fólk af erlendum uppruna sem hefur náð nokkru valdi á íslensku.

### Vöruflutningaskólinn

Er fyrir starfsmenn sem annast flutninga og geymslu varnings.

### Jarðlagnatækni

Er ætluð þeim sem vinna við nýlagnir, endurbætur, viðhald og viðgerðir rafstrengja, vatnslagna, hitalagna, fjarskiptalagna og fráveitna í jörð.

### Færni í ferðþjónustu

Er fyrir þá sem starfa við ferðþjónustu eða stefna að starfi í atvinnugreininni. Námið er ætlað 20 ára og eldri.

### Framhaldsnám leikskólaliða

Er ætlað þeim sem lokið hafa leikskólaliðanámi og vilja fræðast meira um börn með sérþarfir.

### Almennar námsgreinar á framhaldsskólastigi

Stærðfræði, íslenska, enska og danska. Námskrá er á framhaldsskólastigi en kennsluáferðir og námskrá miðast við þarfir og þroska fullorðinna einstaklinga.

### Mímir-símenntun leggur áherslu á:

- að námið sé sniðið að þörfum og getu fullorðinna einstaklinga
- að hægt sé að stunda námið með vinnu
- að námið sé hagnýtt og í takt við þarfir atvinnulífs og nemenda

Nánari upplýsingar um þessar námsleiðir og fleiri eru veittar í síma 580-1800 og á heimasíðu Mímis-símenntunar, [www.mimir.is](http://www.mimir.is)

Kennt er eftir námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og námið má meta til eininga á framhaldsskólastigi.



 **MÍMIR**  
símenntun

# LEIÐANDI Í 40 ÁR

RAFIDNADARSAMBAND  
ÍSLANDS

Rafiðnaðarsamband Íslands er starfsgreinasamband 6.500 félaga í 10 aðildarfélögum um land allt. RSÍ gætir hagsmuna félagsmanna og fjölskyldna þeirra gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. RSÍ á og rekur 42 orlofshús og íbúðir á 13 stöðum á landinu ásamt íbúðum í Kaupmannahöfn og á Spáni. RSÍ á öflugasta verkfallssjóð stéttarfélaganna hér á landi. Sjá allt um RSÍ á [rafis.is](http://rafis.is)